

**Nr. 069 / 11 Bjarni G. BA 66*****Strandar í Hvalfirði***

Skipaskr.nr. 2416  
 Smíðaður: Hafnarfirði 2000 plast  
 Stærð: 7,4 brl. 5,9 bt.  
 Mesta lengd: 9,15 m Skráð lengd: 8,25 m  
 Breidd: 2,78 m Dýpt: 1,23 m  
 Vél: Volvo Penta 196 kW, 2000  
 Fjöldi skipverja: 2

**Gögn:**  
 Gögn RNS



Bjarni G. ©Hilmar Snorrason

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 9. desember 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 2. júní 2011 var Bjarni G. BA 66 á siglingu á Hvalfirði. Veður: Logn

Á siglingunni strandaði báturinn tæpa hálfu sjómílu norður af Andriðsey. Skipstjóri óskaði eftir aðstoð því leki virtist kominn að bátnum. Eftir lekaleit fannst enginn leki að bátnum og þar sem engin frekari hætta var talin steðja að var aðstoð afþökkuð og útkall björgunarsveita afturkallað en þá hafði bátinn rekið af skerinu. Eftir að skipstjóri var fullviss um örugga siglingu út af grunnsvæðinu var siglt til Reykjavíkur undir eigin vélarafli.

**Við rannsókn kom fram:**

- að báturinn var að koma frá því að draga grásleppunet innar í Hvalfirði. Ætlunin var að draga net sem lágu út með Andriðsey en í leiðinni hugðist skipstjóri kanna lagningarsvæði NV undir eyjunni. Hann sagðist áður hafa siglt inn á þetta svæði og ekki fundið eða séð neitt sérstakt til að varast en þarna væri grunnt. Hann hafi siglt upp í sólskinið og verið mikil speiðun svo hann hafi ekki séð til kennimerkja um grunn eða boða;
- að samkvæmt skráðum siglingarferli úr AIS-kerfinu var stefna 204° siglingahraði 14,2 hnútar kl 12:06.



Nær 30 sek síðar (12:07) 127° og 0,6 hnútar en nær 30 sek seinna (12:07) er stefna 125° og 1,2 hnútar. Kl.12:08 er hraði 0,0 allt til kl. 12:09 þegar hann verður aftur 0,6 hnútar stefna 21°;

- að í stöðuleikagögnum yfir Bjarna G. BA 66 er djúprista 82 sm fyrir tómt skip en á þessum tíma var hann létt hlaðinn og sagði skipstjóri að ristan sé ekki mikið meiri en það;
- að í bátnum var nýjasta uppfærsla af Maxsea staðsetninga- og kortakerfi að sögn skipstjóra og hann hafi venjulega fært inn í það viðbótarupplýsingar sem fengjust með siglingu á hægri ferð við svipaðar aðstæður en þrátt fyrir að hafa siglt þarna áður hafði hann orðið var við steininn;
- að fullkominn Micrel dýptarmælir með dýpisaðvörn er í bátnum en hún var ekki virkjuð þrátt fyrir að skipstjóri vissi um hana. Hann taldi samt að dýpisaðvörunin hefði ekki komið að gagni þar sem brattinn á steininum hafi verið mikill.

### *Nefndarálit:*

Orsök strandsins var aðgæsluleysi skipstjóra við siglingu á grunnsævi.